




Skráar vinnsla

Eitt af því fyrsta sem hver forritari þarf að hugsa um er, hvernig geyma á niðurstöður mælinga. LabVIEW hefur fjölmörg töl sem gerir skráarvinnslu einfalda og fljótlega. Sjáum hvernig þetta er gert.

Hér eru sett fram dæmi um hvernig þetta er framkvæmt:


1. Mæling er tekin frá spennumæli og birt á vísandi mæli (Mæld spenna). Sjá má, að snið mælimerkisins er DBL, þ.e. 64 bita fljótandi tala.



Mynd 1: Mælimerki lesið og breytt úr DBL-sniði í texta.


Þar sem við ætlum að skrifa mælimerkið í textaskrá, þá þarf að breyta DBL-tölunni í texta. Það er gert með lítilli aðgerð sem les inn DBL-tölu og skilar út texta, sjá mynd 1.

2. Yfirleitt er ekki nægjanlegt að skrifa mæligildið eitt og sér í skrá. Það þarf að tímasetja mælinguna. Í LabVIEW er ágæt aðgerð til þessa.




Mynd 2: Dagsetning og tími dags sett saman í eina tímasetningu.

3. Þá er aðeins eftir að skrifa mæligildið í skrá. Hér er valið að taka mælingu þegar smellt er á hnappinn 'Taka mælingu' á skjámyndinni.



Mynd 3: LabVIEW forritið, sem tekur mælingu, tímasetur og skrifar mælinguna í skrá.



Mynd 4: Innihaldið í textaskránni. Veitið athygli að TAB skilur að tímasetninguna og mæligildið.

LabVIEW hugbúnaðinn má sækja á heimasíðuna www.ni.com, velja Download Software, og síðan Evaluation and Demonstration Software, eða senda ósk til vista@vista.is. Þessum 30 daga sýnihugbúnaði fylgir lítil kennslubók og gagnvirkt kennslufni sem gerir lærdóminn skemmtilegan